



Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag

Gil

Bergsstaðir og Tröð



Útsýni frá gamla bæjarhólnum á Gili

Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir

2003/26

Skýrsla 26

Gil

Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir 2003-2005

Ljósm. á forsíðu Katrín Gunnarsdóttir
© Byggingasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Fornleifaskráning og aðferðir	7
Um jarðanúmerin	7
Tegund, hlutverki og heiti	7
Staðhættir og lýsing	8
Hættumat	8
Um heimildirnar	8
Helstu minjaflokkar	9
Minjar innan túns	9
Minjar utan túns	9
Minjar utan túns	10
Minjar við sjó/vötn	11
Saga og fornleifar	12
Náttúrufar og jarðabætur	13
Aðrar upplýsingar	14
Minjakort	15
Fornleifaskrá fyrir Gil í Borgarsveit	16
Hlutverk: Heimild um torfbæ	16
Hlutverk: Heimild um hús	18
Hlutverk: Heimild um skemmu	19
Hlutverk: Heimild um peningshús / fjós?	19
Hlutverk: Heimild um fjárhús	20
Hlutverk: Öskuhaugur	21
Hlutverk: Heimild um peningshús / fjárhús yfir lömb - lambhús	21
Hlutverk: Fjárhús	22
Hlutverk: Tóft	23
Hlutverk: Tóft / heimild um bænhus	24
Hlutverk: Grafreitir / beinafundur	25
Hlutverk: Túngarður	26
Hlutverk: Vatnsveita	27
Hlutverk: Kvíar	28
Hlutverk: Myllutóft	29
Hlutverk: Búpeningshús	30
Hlutverk: Matjurtagarður	31
Hlutverk: Vað	32
Hlutverk: Tóft	32
Hlutverk: Tóft	33
Hlutverk: vegur	33
Hlutverk: Sel	34
Hlutverk: Sel	35
Hlutverk: Landamerki	36
Hlutverk: Eyktarmark	36
Niðurstöður	37
Heimildaskrá	38

Inngangur

Fornleifaskráning þessi nær yfir jarðirnar Gil, Tröð og Bergsstaði. Skráningin er unnin að ósk byggingafulltrúa Sveitafélagsins Skagafjarðar í nóvember 2003.

Skráningar unnu Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur sem fór á vettvang, teiknaði og skráði í Sarp, sem er miðlægur gagnagrunnur minjavörslunnar árið 2003. Sigríður Sigurðardóttir lauk skýrslugerð í janúar 2005. Ljósmyndir tók Katrín Gunnarsdóttir.

Sóley Skarphéðinsdóttir leiðbeindi skrásetjara um svæðið og veitti helstu upplýsingar um minjarnar og Pálína Skarphéðinsdóttir las yfir skýrsluna og benti á ýmis atriði. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Einnig er Hjalta Pálssyni þakkað sérstaklega fyrir að veita skrásetjara aðgang að heimildum sem hann safnaði við ritun byggðasögunnar.

Tilgangur fornleifaskráninga

- ✘ Með fornleifaskráningu er aflað þekkingar um sögu lands og þjóðar og lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.
- ✘ Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparahætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.
- ✘ Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.
- ✘ Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.
- ✘ Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

1. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
3. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
4. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
5. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
6. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
9. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.¹ Þjóðminjalaga.

Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga, - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er heldur ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. Þjóðminjalaga).

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.

Fornleifaskráning sameinar jafnt hagsmuni framkvæmdaaðila og þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. Þjml.)

¹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Fornleifaskráning og aðferðir

Skráning þessi nær yfir land Gils með Bergsstöðum og Tröð, sem eru byggð út úr Gilsjörðinni á 20. öld. Minjar þær sem fornleifaskráningin nær yfir eru skráðar í skráningakerfið Sarp² í númeraröð en raðað eftir jarðanúmerum jarðanna. Upplýsingar eru flokkaðar samkvæmt kerfi Sarps, svo sem í: tegund, hlutverk og heiti, staðhætti, ástand og lýsingu, hættumat og heimildaskrá. Samtals voru 26 fornleifar skráðar í landi Gils.

Fornleifar eru skráðar eins og þær eru skilgreindar skv. 9. grein Þjóðminjalaganna 107/2001. Loftmynd bls. 11 sýnir minjastaðina sem eru merktar með númerum sínum.

Skráning fornleifa er í þeim kafla skýrslunnar sem nefnist „Saga og fornleifar“. Þar er gefið sögulegt yfirlit um jarðirnar og gerð grein fyrir atburðum, breytingum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á henni.

Um jarðanúmerin

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, svo sem G fyrir Gil og landsnúmerinu 145930. Í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847³ sem er 56 í þessu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan jarðarinnar með eftirfarandi hætti: G-145930-56-1 o.s.frv.


Tegund, hlutverki og heiti minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, byrgja, áveituskurða og þar fram eftir götunum. Stundum sjást fornminjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær á yfirborðinu með berum augum. Hafi fornminjarnar sérnafn eins og t.d. Gilssel er það sérstaklega skráð. Þegar engu slíku er til að dreifa er hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið kemur fyrir, t.d. fjárhús.

² SARPUR er skráningakerfi sem mörg opinber minjasöfn og stofnanir nota til samskráningar fyrir muni, myndir og minjar. Fornleifavernd ríkisins hefur aðgang að SARPI og skipulagsyfirvöld sveitarfélaga geta fengið aðgang að honum. Markmiðið með þessum miðlæga gagnagrunni er að gera fornleifaskráninguna aðgengilega fyrir minja- og skipulagsyfirvöld á rafrænu formi. Sem og alla þá er stunda rannsóknir í þessum fræðum.

³ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Legg

Til að staðsetja minjarnar voru notaðar loftmyndir frá Verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki og hlutar loftmyndar N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands. GPS hnit minjanna eru færð í skrána til nákvæmari staðsetningar.



Staðhættir og lýsing

Gil á land upp í Gilsbungu að sunnan, að hreppamörkum, og Staðarafrétt að vestan. Kimbastöðum, Lyngholti, Tröð og Bergstöðum að norðan og Miklavatni að austan. Sauðárkróksbraut liggur um landið og ræður austurmerkjum þess norðan við Gilslæk, en hann fellur austur í gegnum landið til Miklavatns.

Hættumat

Við skýrslugerðina er lagt mat á hættu sem fornleifunum kann að stafa af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geta orðið fyrir raski. Hægt er að flokka áhættuþætti í þrennt: ábúð,

veðrun og landbrot. Hætta vegna ábúðar skapast fyrst og fremst af framkvæmdagleði ábúenda, sem kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar og landbrots er ef fornleifar eru að afmást fyrir áhrif vatns og vinda. Ekki er lagt hættumat á fornleifar, sem heimildir geta um en finnast ekki við vettvangsskráningu. Engu að síður er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra heimilda við skipulag framkvæmda því fornleifar geta leynst undir grassverðinum.

Um heimildirnar. Aðalheimildir skýrslunnar eru Byggðasaga Skagafjarðar I og úttektir jarðarinnar frá 1891 og 1897. Auk þess hefur verið farið yfir Jarðabók, túnakort, fornrit og fornbréf.

Helstu minjaflokkar

Hundrað ára búsetuminjum má skipta í tvo flokka, minjar innan og utan túns. Mesta sögu geyma bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra, en stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa eftir hlutverkum, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náttþaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öld eftir öld á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar um er að ræða þótt engar heimildir hafi geymst um notkun þeirra. Þá er heldur ekki alltaf hægt að ákveða hvernig hús voru notuð.

Minjar innan túns

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafraðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lífnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið.

Minjar utan túns

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru ýmsir s.s. hænsna- og eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrdir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunnninn eða við hann líkjust tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ

til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum.

Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkjia en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færirkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfarana. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kyr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst

fjánhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytja-einingar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Minjar við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjöhús/verbúðir: Sjöhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Saga og fornleifar

Jörðin var tíðum í bændaeign fyrir á öldum og gekk tíðum kaupum og sölum. Á fyrri hluta 15. aldar varð Gil bitbein erfðadeilna um Sjávarborgareignir og kemur fyrir í fornbréfasafni árin 1421, 1439 og við sölu 1507 þar sem jörðin er metin á 30 hundruð.⁴ Um miðja 16. öld hækkaði matið í 40 hundruð, er séra Gottskálk Jónsson í Glaumbæ fékk jörðina í skiptum fyrir Þorsteinsstaði í Tungusveit. Jarðabókin 1709 getur um sama verðgildi.⁵ Frá 1702 var jörðin að fjórum fimmtu hlutum í eigu Halldórs Jónssonar á Svaðastöðum, en hver átti einn fimmta vissu menn ekki. Landsskuld af parti Halldórs er þá 80 álnir og tvö kúgildi og „meinast áður hafi verið með allri jörðinni.“⁶

Árið 1817 eða 1818 var jörðin fyrir miklum skaða, sennilega af völdum aurskriða og var talið að verðgildi hennar gæti „með engu móti verið meira en 15 hundraða í stað 30 hundraða sem hún kölluð hefur verið.“⁷ Árið 1861 var jörðin komin í 18, 5 hundruð í nýju mati.⁸

Gil komst í eigu Skúla Guðmundssonar í Brekkukoti á Efrabyggð árið 1841. Síðar eignaðist Guðmundur Guðmundsson í Borgargerði meirihluta hennar og seldi Jóhannesi Davíðssyni sýslumanni sem bjó á jörðinni 1885-1890 og var hún þá sýslumannssetur. Séra Eggert Ó. Briem sem bjó á Gili 1890-1891 átti jörðina og seldi hana 1891 Pétri Jónssyni frá Kárástöðum⁹ sem bjó þar til 1897 er Páll Þórðarson eignast Gil¹⁰. Árið 1940 keypti Skarphéðinn Pálsson Gil og hóf búskap þar. Jörðin er nú í eigu og ábúð dóttur hans og dóttursonar.

Árið 1946 var nýbýlið **Bergstaðir** stofnað úr landi Gils. Bergstaðir eiga land að Gili að sunnan og vestan, Lyngholti að norðan, Miklavatni að austan og Sauðárkróksbraut, sem liggur á vesturtakmörkum Bergstaða.

⁴ Hjalti Pálsson, 1999. Bls. 319-320.

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Bls. 56.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Bls. 56.

⁷ Hjalti Pálsson, 1999. Bls. 320.

⁸ Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 1949. Bls. 52.

⁹ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891.

¹⁰ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. júní 1897.

Tröð er svokallað þjónustubýli sem stofnað var úr landi Gils 1980. Land Traðar er um sjö hektarar að stærð og er nyrsti og austasti hluti af landi Gils vestan Sauðárkróksbrautar, sem ræður austurmerkjum þess.

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðahlunnindi fyrir á tíð var helst lyng og hrísrif til eldiviðar, sem var bjarglegt og nóg af berjum. Aftur á móti var torfrista og –stunga slæm, engar voru engjar árið 1709 og órækt mikil í túninu og tekið fram að húsum og heyjum stafaði hætta af stórviðrum.¹¹

Árið 1709 var talið hægt að fódra eina og hálfu kú og 10 lömb af töðu af túninu. Öðrum skepnum var „vogað á útigang.“ Þá var ábúandi þar, Sesselja Bessadóttir, með 2 nautgripi, 81 kind og 5 hross og þótti níða jörðina.¹²

Árið 1849 var túnið orðið „hérumbil 12 dagsláttur, mestpart slétt, en harðlent og ógrasgefið og fódur til jafnaðar 3 kúr. Útheyslægjur litlar og ei aðrar en í grasslæmum mýrarflóum. Sumarheit fyrir málnytupening léleg, en allgóð vetrarheit fyrir hross og sauði.“¹³ Jörðin átti land til fjalls vestur á Rang[h]alaá¹⁴ sem ekki var notað vegna fjarlægðar, nema fyrir geldfénað. Jörðin var álitin bera 3 kúr á töðu, 40 ær, 60 sauði og 18 lömb og var skepnuáhöfnin metin á 14 hundruð.¹⁵

Húsakostur jarðarinnar árið 1891 var auk bæjarins, sem var samstæða bæjardyra og ganga, baðstofu, eldhúss og búrhúss, voru þrenn fjárhús, ein voru „uppi á túni“ og tók 20 lömb, „stæðilegt af viðum og veggjum með garðastökkum og garðaböndum og hurð fyrir“¹⁶, annað var fyrir 40 kindur og hið þriðja fyrir 10, einnig var þar fjós fyrir fjóra nautgripi, tvær skemmur og tvídyra hesthús. Önnur skemman var fornfálegur kofi en hin nýleg.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Bls. 56.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Bls. 56.

¹³ Hjalti Pálsson, 1999. Bls. 320.


¹⁴ Ýmist ritað rangali eða ranghali, hvort tveggja rétt og þýðir það sama.

¹⁵ Hjalti Pálsson, 1999. Bls. 320.

¹⁶ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891.

Árið 1916 var túnið aðeins talið 9 dagsláttur. Það var þá að þremur fjórðu hlutum slétt, í allgóðri ræktun og gaf árlega af sér um 120 hesta af töðu. Engjarnar voru taldar gefa um 200 hestburði af léttu útheyi. Þá var búið að girða nokkurn hluta landsins, á 1.300 faðma löngum kafla. Þetta ár var Gil í leiguábúð og landskuldin metin á 100 krónur. Jörðin sjálf var metin á 3.000 kr. og hús á 700 kr. og mannvirki og umbætur síðustu 10 ára á 600 kr.¹⁷

Á túnakorti frá 1917 eru fimm búpeningshús tíunduð, sem er sami fjöldi og í úttekum árin 1891 og 1897. Þar sem ferhyrningur er, utan um númer 3 og 4, var bærinn árið 1891. Skemma númer 3, sem var byggð upp rétt fyrir 1890 heldur sama númeri í skýrslunni. Í fyrirnefnum úttekum var talað um tvær skemmur, þá sem byggð var um 1890 og aðra sem sögð var fornfáleg árið 1891 og horfin árið 1897. Stjörnur númer 4, 5, 7, 8 og 9 eru búpeningshúsin. Sennilega hefur fjósið verið árið 1891 þar sem númer



4 er á kortinu og heshús númer 5. Fjánhús „uppi á túni“ sem tóku 20 lömb hafa þá verið þar sem númer 7 er og fjánhús, annars vegar fyrir 40 kindur og hins vegar fyrir 10 þar sem 8 og 9 eru merkt á túnakortið og fornleifar með sömu númerum eða fornleif númer 10. Tekið skal fram að þessi tilhögun er ágiskun skýrsluhöfundar því raunverulega er fátt hægt að fullyrða um hlutverk búpeningshúsanna út frá kortinu.

Aðrar upplýsingar

Í kaþólskum sið var hálfkirkja á Gili. Kirkjunnar er fyrst getið í kirkjutali Péturs Nikulássonar biskups 1394, en óvíst er hve lengi hún stóð. Í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1399 er kveðið á um prestskyldur á Gili. Átti Borgarprestur að

¹⁷ Hjalti Pálsson, 1999. Bls. 320.

þjóna Gilskirkju frá fardögum til Michaelsmessu, og átti að greiða prestinum 12 auru fyrir messusöng, annan hvern helgan dag.

Minjakort



Fornleifaskrá fyrir Gil í Borgarsveit

G-145930 56 - 1

Sérheiti: Gil

Hlutverk: Heimild um torfbæ

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 42, 75.19°V, 37, 24

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á gamla bæjarhólnum þar sem minjar eldri húsa geta leynst í jörðu.



Staðhættir

Gamla bæjarstæðið á Gili er á ávölum hól eða hæð efst í túninu, 200-300 metrum ofar en íbúðarhúsin eru núna. Á myndinni er bærinn á Gili árið 1925.

Lýsing

Engin ummerki eru lengur um bæjarhúsin, hvorki á gamla bæjarstæðinu né utar þar sem Gilshúsið stóð og seinna bærinn.

Aðrar upplýsingar

Árið 1891 voru hús á Gili tekin út vegna eigendaskipta. Þá var baðstofan, sem snéri austur vestur, 9 álnir á breidd milli stafa og 5 og hálf á hæð frá gólfi í mæni, eða 5,64 x 3,14 m. Á stofunni voru 5 sperrur (4 stafgólf) og lágu 3 langbönd á hverri hlið. Sperrukjálkar sátu á jafnmörgum stoðum, eins og vant var og reisifjöl var á öllu húsinu. Tekið er fram að bindingsverk sé á grind hússins á tveimur stöðum sem orðið var algengasti byggingamátinn og gæti þýtt að grind hússins hafi að uppistöðu verið enn af stafverksgerð. Klinkulaus hurð á járnum var fyrir húsinu. Lausholt voru á milli stafa nema „til endagafis á dyrastafgólfi“ og hafði ekkert breyst sex árum síðar er húsin voru metin aftur (Hsk. Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891, 3. júní 1987). Stoðir voru fúnar og hálfvallnar, sem og reisifjöl á inngangsstafgólfi. Málað stafnþil var móti austri og á því var sexrúðugluggi. Baðstofupilið er annað frá vinstri á myndinni á síðunni hér á eftir, sem var tekin um svipað leyti, en bærinn er húsapýrpingin vinstra megin á myndinni. Hægra megin eru hús Jóhannesar Ólafssonar sýslumanns, en hann virðist hafa flutt þau bæði með sér burt er hann fór frá Gili 1890 (sjá skráningu nr. 2) því þau kom ekki fram í úttekt á eignum sem tilheyrðu jörðinni árið 1891. Eldhúsið, sem stóð sunnan við baðstofuna, virðist hafa snúið þvert á stefnu hennar. Það var 5 álnir á breidd og hæð, eða 3,14 m. Það var með 3 stoðum á hlið og jafnmörgum lausholtum, eða tvö stafgólf. Þakið var langreft, gisið og skilrúmsþil var á suðurenda þess, úr óhefluðum borðum og hurð á járnum. Skilrúm þetta var á milli



eldhúss og búrs, sem var undir sama þaki, og var 5 álnir á breidd og hæð eins og búrið. Búrið var með 4 sperrum og jafnmörgum stoðum, eða þrjú stafgólfa að lengd. Móti suðri var heillegur hálfstafn „úr skífunefnum“. Bæjargöngin voru 12 álna löng (7,52 m) og tæplega 2 á breidd (eða rúmur einn metri), á þeim var „þilmynd framanundir með hurð á járnnum“ (Hsk. Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891) eins og sjá má á sömu mynd (þil lengst til vinstri). Nýleg 6 álna löng og 5 álna breið skemma með þremur sperrum og sex stoðum (tveggja stafgólfa) var 1891 á Gili, við það með gömlum við og lofti „úr vænum borðum, með hlera og hespu fyrir. Máluðu þili framan undir, hurð á járnnum, skrá læstri og tveim tveggja rúðna gluggum sínum hverju megin dyranna og einnar rúðu gluggi uppi á lopti“ (Hsk. Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891). Þetta er húsið sem snýr gaflí fram norðan við baðstofuna. Í virðingagjörðinni er einnig getið um gamlan og fornfálegan skemmukofa, sem sennilega er nyrstur bæjarhúsanna á myndinni. Sex árum síðar var þessi skemmukofi horfinn af sjónarsviðinu (Hsk. Úttektabók 1891-1908. 3. júní 1897).

Heimildaskrá

Byggðasaga I. Bls. 320.

Hsk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891, 3. júní 1897.

Þetta er tilgátuteikning miðuð við úttekt bæjarhúsanna árið 1891 og 1897. Hafi fjósið verið sambyggt, en það kemur ekki fram í úttektunum, hefur það sennilega verið bakhús með langhlíð að búri og eldhúsi og hefur þá hæglega verið innangengt úr gangaendanum í fjósið og til ranghalans, og út í vatnsból.



Tilgáta SS að afstöðu bæjarhúsanna á Gili skv. úttekt frá 8. maí 1891

G- 145930 56 - 2

Sérheiti: Gilsstofa

Hlutverk: Heimild um hús

Tegund: Hús

Legi: 65°N, 41, 75 - 19°V, 37, 24.



Staðhættir

Er Jóhannes Ólafsson sýslumaður bjó á Gili voru tvö hús á túninu utan og neðan við gamla bæinn, norður undir Gilsgili. Sjá mynd hér efst á síðunni.

Lýsing

Húsin eru bæði gersamlega horfin.

Aðrar upplýsingar



Svo virðist sem bæði húsin sem byggð voru út og niður undan gamla bænum á Gili á níunda áratug nítjándu aldar hafi bæði verið tekin niður er Jóhannes Ólafsson sýslumaður flutti frá Gili árið 1890. Annað þeirra var svonefnd Espihólsstofa, sem nú er kölluð Gilsstofa, og er syðra húsið, til hægri á myndinni, á síðunni hér á undan (húsið sem dyr eru á). Það var flutt út á Sauðárkrók

árið 1891 og endurbyggt við Kaup(v)angstorg. Litlu myndirnar eru af stofunni, sú efri eins og hún var áður en hún kom að Gili, þar sem hún stóð sunnan við baðstofuna á Reynistað og eftir að húsið var að gera hana upp árið 1997, þar sem hún stendur í dag, suðaustan við bæjarhólinn í Glaumbæ. Saga Gilsstofunnar er sú að Eggert Briem (1811-1894) var sýslumaður Skagfirðinga frá 1862-1884. Er hann fékk Skagafjarðarsýslu flutti hann með sér milli héraða sparistofu, sem hann hafði látið bróður sinn, Ólaf Briem (1808-1859) snikkara smíða fyrir sig 1849 á Espihóli. Viðir stofunnar voru fluttir á ísum inn á Akureyri og skipað um borð í skip sem kom þeim sjóleiðina til Skagafjarðar. Var viðunum landað í Kolkuósi og þeir dregnir fram að Hjaltastöðum í Blönduhlíð þar sem sýslumaður hafði aðsetur fyrst um sinn. Munnmæli herma að hagleiksmáðurinn og rithöfundurinn Jón Mýrdal hafi unnið við uppsetningu stofunnar er viðirnir komu þangað. Espihólsstofan stóð á Hjaltastöðum frá 1862-1872 er hún var aftur tekin niður og húsviðirnir dregnir á ísum yfir Héraðsvötn, að Reynistað þar sem stofan var reist og hún stóð til 1884 (sjá efri myndina). Eggert sýslumaður notaði hana sem samkomuhús og fundarstað og munu fyrstu leikrit Skagfirðinga hafa verið sett á fjalirnar í stofunni og fyrstu sýslufundirnir (seinna sæluvika) voru haldnir þar. Þar var haldin þjóðhátíð og mikil veisla sumarið 1874 sem mörg hundruð héraðsbúar sóttu. Jóhannes Ólafsson (1855-1897) á Gili í Borgarsveit tók við sýslumannsstarfinu af Eggerti 1884 og sýslukontórin var fluttur að Gili, þar sem hann var staðsettur norðvestan við bæinn, sunnan við Gilsgilið. Þótti sjálfsgagt að nýr sýslumaður fengi kontórin með embættinu. Þar stóð stofan frá 1885-1891, eða þar til Jóhannes flutti út á Sauðárkrók og flutti stofuna með sér þangað. Upprisin í 6. sinn fékk hún nýtt hlutverk, sem verslunar- og íbúðarhús og farið var að kalla hana Gilsstofu, því þaðan kom hún. Hún stóð á Króknum frá 1891-1985 eða þar til hún var flutt innan í öðru húsi að Kringlumýri í Blönduhlíð. Stofan var gefin Byggðasafni Skagfirðinga árið 1988 og reist á safnsvæðinu í Glaumbæ árið 1997.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. bls. 319-320 Akureyri.

Kristmundur Bjarnason, 1969. *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluta fram til ársins 1907.* Bls. 191.

Sigríður Sigurðardóttir, 1997. Gilsstofa. Sauðárkrókur.

G- 145930 56 - 3

Sérheiti: Skemma

Hlutverk: Heimild um skemmu

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 42, 75.19°V, 37, 24

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á þessum stað þar sem minjar geta leynst í jörðu.

Staðhættir

Miðað við túnakort frá 1917 var skemman rétt fyrir sunnan gamla bæinn.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað tún og engin ummerki eru lengur um skemmuna né aðrar heimildir.

Heimildaskrá

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni árið 1917.

G- 145930 56 - 4

Hlutverk: Heimild um peningshús / fjós?

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 41, 75 19°V, 37, 24

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á þessum stað þar sem minjar geta leynst í jörðu.

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu búpeninghús við gamla bæinn. Þau eru nú horfinn.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað.

Aðrar upplýsingar

Árið 1891 var fjósið sagt „yfir 4 nautgripi stæðilegt að viðum og veggjum með hurð á járnum. Þak brúkanlegt. Ranghali þar suðaustur frá dyrum með hurð á járnum, og liggur hann til Vatnsbóls til innibrynninga. Ranghali þessi er einnig stæðilegur enn farin að viðum og veggjum eins og fjósið“. Sex árum síðar er fjósið eins nema að „annar hliðveggur nýlega hlaðinn upp. Hliðarás er vestan. Ranghali til vatns er forn og sýnist mikið fúinn að viðum. Þak á fjósinu og ranghalanum er allgott“ (Hsk. Úttektabók 3. júní 1897). Óvíst er hvort fjósið var sambyggt bænum eða fast við hann.

Heimildaskrá

Hsk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891 og 3. júní 1897.

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917.



Rústir fjárhúsanna eru enn vel greinilegar.

G- 145930 56 - 5

Hlutverk: Heimild um fjárhús

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 41, 72. 19°V, 37, 28

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á þessum stað þar sem minjar geta leynst í jörðu.

Staðhættir

Húsin voru um 50 metra suður undan gamla bænum, sjá Túnakort frá 1917.

Lýsing

Tóftin er horfin í tún.

Aðrar upplýsingar

Þarna stóðu fjárhús og voru síðast notuð af Jóni í Steinholti eftir að brann hjá honum. Hleðslur voru síðast lagfærðar af Páli Ágústi Hjálmarssyni um 1954. Þegar jörðin var tekin út árið 1891 var „tvídyrað“ hesthús tíundað án þess talað væri um hvar það stæði.

Heimildaskrá

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891

Pálína Skarphéðinsdóttir Gili.

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917.

G- 145930 56 - 6

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Öskuhaugur

Lega: 65°N, 41, 75. 19°V, 37, 27 og 65°N, 41, 75. 19°V, 37, 26

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á þessum stað þar sem minjar geta leynst í jörðu.

Staðhættir

Haugurinn er í tveimur pörtum, vestari og austari, á syðri gilbarmi Gilsár, norður frá gamla bæjarstæðinu, um 250 metra ofan við núverandi fjós á Gili.

Lýsing

Haugurinn er grasivaxin um metri á hæð og slútir yfir gilbarminn til norðurs. Hann er rúmlega 1 metri á hæð, séð til norðurs.

Heimildaskrá

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Vettvangsathugun 10/10 2003.

G- 145930 56 - 7

Hlutverk: Heimild um peningshús / fjárhús yfir lömb - lambhús

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 41,73. 19°V, 37, 15

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði þar sem jarðrask getur verið varasamt jarðlægum minjum ef einhverjar eru.

Staðhættir

Samkvæmt túnakortinu frá 1917 stóðu peningshús rétt vestan við þáverandi tún.

Aðrar upplýsingar

„Uppi á túni“ var fjárhús, árið 1891, sem tók 20 lömb. Það var „stæðilegt af viðum og veggjum með garðastokkum og garðaböndum og hurð fyrir“ eins og þar segir. Sex árum síðar var húsið enn stæðilegt „á austurhlið að viðum og veggjum en aptur er ustar [svo] hlið mjög hrörleg og brotin innganga, stokkar og garðabönd ljeleg, húsið er mikið grafið í jörðu. Þak er allgott“ (HSk. Úttektabók. 3. júní 1897).

Heimildir

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891 og 3. júní 1897.

Túnakort frá 1917, teiknað af Guðmundi Sveinssyni.

G- 145930 56 - 8

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 76 - 19°V, 37, 40


Hleðsluhæð: 0,80 m

Lengd: 9 - 11m

Breidd: 8 - 9 m

Horfin: Að hluta

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði þar sem jarðrask getur skaddað jarðlægar minjar.

**Staðhættir**

Tóft var á túninu austan við gamla bæjarstaðið, nú nær horfin í túnið.

Lýsing

Tóftirnar fremur óljósar en suðurhluti þeirra þó heillegastur. Út frá suðaustur vegg tóftarinnar gengur túngarður um 20 m í austur.

Heimildir

Hsk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1891

Sóley Skarphéðinsdóttir

Vettvangsathugun 10/10 2003.

G- 145930 56 - 9

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heimild um peninghús

Lega: 65°N, 41, 27 - 19°V, 37, 27

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði.

Staðhættir

Tóftin er niður í Gilsárgili um 50 m. vestan við núverandi byggingar.



Lýsing

Þarna er smá hæð í landinu, austan við afgirtan matjurtagarð. Hægra megin við skaflinn á myndinni.

Heimildir

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Vettvangsathugun 10/10 2003.



Myndir teknar úr sitt hvorri áttinni af Burðarhól þar sem bænhúsið stóð áður fyrr.

G- 145930 56 - 10

Sérheiti: Burðarhóll

Hlutverk: Tóft / heimild um bænhús

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41,70. 19°V, 37, 27


Þvermál: 1 - 2 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 7 m

Breidd: 5 - 6 m

Hættumat: Jarðrask getur skaddað jarðlægar minjar sem vænta má á þessu svæði.



Staðhættir

Sunnan við bæjarstæðið er dálítill óræktarhóll, við skurð sem hlykkjast í austur - vestur. Glögg kofarúst er efst á Burðarhóli.

Lýsing

Tóftin er öll grasivaxin. Hún er í einu lagi og dyr snúa í austur.

Aðrar upplýsingar

Hálfkirkja eða bænhús var á Gili í kaþólskum sið, en ekki vitað hversu lengi. Heimild um þetta er að finna í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1399, þar sem kveðið er á um að allar prestskyldur á Gili skuli Borgarprestur framkvæma utan söng frá fardögum til Michaelsmessu. Þangað skuli lík færast frá Gili en Borgarprestur jarðsyngja. Fyrir tímabilið frá Michaelsmessu til fardaga átti að gjalda presti 12 auro fyrir messusöng annan hvern helgan dag. Hóllinn er nú kallaður Burðarhóll því ær sóttu þangað á vorin til að bera lömbunum. Líkur benda til að þarna hafi bænahúsið verið. Um eða nokkru fyrir 1960 lét ábúandi jarðýtu gera grafninga til að beina bæjarlæknum í annan farveg frá gamla bæjarstæðinu. Þá kom í ljós heilleg hauskúpa sem send var til rannsóknar. Vélgrafinn skurður er neðan við hólinn þar sem hauskúpan fannst.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.

G- 145930 56 - 11

Hlutverk: Grafreitir / beinafundur

Tegund: Mannabein

Lega: 65°N, 41, 70. 19°V, 37, 26

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði þar sem jarðrask getur verið varasamt.

Staðhættir

Frá tóft nr. 11, eru hnit við grafreitinn 65°N 41, 70 og 19°V 37, 27 á litlum hól suður frá L-laga skurði sunnan við gamla bæjarstæðið. Frá tóftinni að skurðinum, þar sem beinin fundust, eru um 15 m í norð-vestur.

Lýsing

Aflíðandi halli er frá kofatóftinni að skurðinum. Í dag er ekki vitað nákvæmlega hvar beinin voru.

Aðrar upplýsingar

Hálfkirkja eða bænhús var á Gili í kaþólskum sið. Hversu lengi er ekki vitað, en í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1399, er tekið fram að lík skuli færa til Sjávarborgar. Það þýðir að greftrun er hætt er kemur fram undir lok 14. aldar. Eins og fram kemur hér á undan fundust mannabein við jarðrask nokkru fyrir 1960 er ábúandi lét jarðýtu gera grafninga til að beina bæjarlæknum í annan farveg frá gamla bæjarstæðinu. Nú er vélgrafinn skurður neðan við hólinn þar sem hauskúpan fannst.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.



G- 145930 56 - 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: 65°N, 41, 73

19°V, 37, 36

Breidd: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 150 m

Horfin: Að hluta

Hættumat: Túngarðinn ætti að verja sem kostur er.

Staðhættir

Túngarðurinn liggur í sveig spölkorn fyrir ofan gamla bæjarstæðið frá kvíatóft nr.

14 til suðurs og síðan í austur og hverfur í landið.

Lýsing

Garðurinn er nokkuð vel sýnilegur, ekki þó alveg óslitinn þar sem hann liðast eftir landinu.

Aðrar upplýsingar

Við vettvangsathugun í nóvember 2003 mátti sjá að farið hefur verið í gegnum túngarðinn nokkra metra í suður frá kvíatóftinni, nr. 14. Farið hefur verið með vinnuvél á túngarðinn á um nokkuð stóru svæði og hann jafnaður við jörðu eins og sjá má á myndinni.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.

Túnakort frá 1917 teiknað af Guðmundi Sveinssyni.

Vettvangsathugun í nóvember 2003.

G- 145930 56 - 13

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Vatnsveita

N:65, 41, 76. 19°V, 37, 47

Hættumat: Ekki er ástæða til að ætla að garðlögum við áveituhólfið stafi hætta af öðru en framkvæmdum. Hér er heimild um merkilega aðgerð sem segir sína sögu um búskaparhætti á fyrri hluta 20. aldar.



Staðhættir

Bæjarlækurinn var leiddur í manngerðan farveg niður að gamla bænum og rann hann í gegn um svokallaðan ranghala sunnan við fjósið.

Lækjarfarvegurinn liggur samhliða vatnsrás sem lá að myllu sem var í læknum.

Lýsing

Vatnsrásin, skurðurinn, er að mestu horfin í túnið ofan við gamla bæjarstæðið.

Aðrar upplýsingar

Áveituskurðurinn er handgrafinn. Um eða nokkru fyrir 1960 var farveginum breytt og lét ábúandi jarðýtu gera grafninga til að beina bæjarlæknum í annan farveg.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.



G- 145930 56 - 14

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41 73 19°V, 37, 39

Þvermál: 1-1,5 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 11-12 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði og geyma tóftir kvíanna til framtíðar.

Staðhættir


Kvíatóftirnar eru á gilbarminum utan undir fornum túngarði, sem liggur í sveig spölkorn fyrir ofan gamla bæjarstæðið og niður eftir syðri gilbarminum. Rauða örin á myndinni vísar á tóftirnar. Hvít ör vísar á leifar vatnsþróarinnar sem vatni var safnað í fyrir mylluna (nr. 15). Þar við hliðina var vatnsveitan (nr. 13).

Lýsing

Tóftin er grasivaxin. Hún er tvískipt en ekki sést hlið eða dyr á milli þeirra. Dyr snúa í austur.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.






G- 145930 56 - 15

Hlutverk: Myllutóft

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 76 - 19°V, 37, 47

Hættumat: Helst er hætta af völdum jarðrask.



Staðhættir

Myllutóftin sést ennþá glögg þar sem lækurinn kemur ofan úr gílinu. Læknum var veitt niður brattann að myllunni í Gilsgílinu.

Lýsing

Eins og sjá má á myndunum eru enn nokkuð heillegir veggir í safnþrónni sem

hlaðin var fyrir vatnið í mylluna. Einnig eru upphlaðnir veggir í farvegi lækarins, þar sem hann hefur runnið frá myllunni áður en að hann sameinast upphaflega læknum aftur. Á ljósmyndunum er horft til norðvesturs að myllunni. Vinstri myndin er nærmynd af rústunum, sem sjást einnig efst hægra megin á hægri myndinni. Sjá örvar.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. bls. 320 Akureyri.

G- 145930 56 - 16

Hlutverk: Búpeningshús

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 72. 19°V, 37, 28


Þvermál: 1 - 2 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 14 - 15 m

Breidd: 16 - 17 m

Hættumat: Fara verður mjög varlega við allar framkvæmdir og jarðrask á þessum stað þar sem minjar geta leynst í jörðu.



Staðhættir

Húsin voru vestur undan gamla bænum, upp með læknum að sunnan.

Lýsing

Tóftin er fremur óljós, og á hana vantar austurhlið og hluta af suðurhlið.

Hún er grasivaxin, en enn sér í einstaka

hleðslusteina. Myndin er tekin úr fjárhústóftinni í átt að myllunni, nr. 15.

Heimildir

Sóley Skarphéðinsdóttir
Tröð.

Vettvangsathugun 10/10
2003.



Þarna var matjurtagarður fram yfir miðja 20. öld, en hugsanlegt er að áður hafi þetta verið náttugi eða annað aðhald fyrir skepnur.

G- 145930 56 - 17

Hlutverk: Matjurtagarður

Legi: 65°N, 41, 78 - 19°V, 37, 17

Þvermál: 0,50 m

Hleðsluhæð: 0,80 m

Lengd: 9 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Lítil hættu á meðan á meðan gilið er ósnert.

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er norðan megin í Gilsárgili. Gamli þjóðvegurinn er vel greinilegur í brekkunni ofan við garðinn.

Lýsing

Garðurinn er í halla á móti suðri, og garðar hans eru orðnir ógreinilegir í þýfðu landinu.

Heimildir

Pálína Skarphéðinsdóttir Tröð.

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

G- 145930 56 - 18

Hlutverk: Vað

Tegund: Vegur

Lega: 65°N, 41, 78 - 19°V, 37, 23

Hættumat: Lítil hætta á meðan á meðan gilið fær að halda sínum einkennum.

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn liggur um brekku austur-vestur um norðurhlið Gilsárgils þar sem hann kemur niður á slétt liggur hann á vaði yfir Gilsána.

Heimildir

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Vettvangsathugun 10/10 2003.



*Myndin er tekin til norðausturs.
Hliðið á afleggjaranum sést á miðri mynd.*

G- 145930 56 - 19

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 79 19°V, 37, 21

Hættumat: Jarðrask á þessu svæði getur verið varasamt.

Staðhættir

Tóftin er á norðurbrún Gilsárgils, fyrir ofan gamla þjóðveginn sem liggur um brekkuna í austur-vestur.

Lýsing

Greina má óljósan veggjabút sem liggur austur-vestur, um 7 m langur.

Heimildir

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Vettvangsathugun 10/10 2003.

G- 145930 56 - 20

Hlutverk: Tóft

Tegund: Heimild um peningshús

Hættumat: Þarna standa nú fjárhús Gils og búast má við að allar leifar þeirra húsa sem þar stóðu áður séu horfnar.

Staðhættir

Peningshús þessu stóðu þar sem nú standa steipt fjárhús Gils.

Heimild:

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917

G- 145930 56 - 21

Sérheiti: Gamli þjóðvegurinn

Hlutverk: vegur

Tegund: Vegur

Lega: 65°N, 42, 31 19°V, 37, 45

Breidd: 2-3 m

Horfin: Að hluta

Hættumat: Gaman væri að geta geymt vegslóðann þar sem hann liggur á svæðum sem ekki eru í ræktun.

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn liggur frá landamerkjum Lyngholts við trjálund neðan og sunnan bæjarins, til suðurs fyrir ofan Tröð. Þar hverfur hann í tún og kemur aftur í ljós norðan við Gilsgilið þar sem hann liggur í sneiðingi í austur- vestur og sést síðan óljóst í Gilsgilinu og sunnan við það sést hann enn við Hólinn (bæjarhólinn), þar sem hann kemur upp austan við hann..

Lýsing

Vegurinn er vel sýnilegur fyrir ofan Tröð. Hann er 3 - 4 m á breidd og sveigir eftir landinu.

Aðrar upplýsingar

Við landamerki Lyngholts að norðan er hnit vegarins 65°N 42, 31 og 19°V 37, 45.

Fyrir sunnan Tröð liggur hann á 65°N 42, 20 og 19°V 37, 33. Í Gilsárgili: 65°N 41, 78 og 19°V 37, 19.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.



G- 145930 56 - 22

Sérheiti: Gilssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 30. 19°V, 45, 60

Lengd: 12 m

Breidd: 11 m

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði til og hlífa tóftum selsins við hnjaski.

Staðhættir

Svonefndur Gilspartur nær utan frá Ófærugili suður til Gilshlíðargils. Þar er undirlendi lítið og brattar, blásnar og skriðrunnar hlíðar með lynggróðri. Ofan þeirra liggja breiðir hjallar. Gilssel er á grónu framhlaupi alllangt neðan við mynni Gilshlíðargils um 100-200 m norðan við lækinn sem hefur grafið djúpan farveg í suðurjaðar hæðarinnar sem þar er.

Lýsing

Tóftirnar eru fornar og óljósar orðnar og mynda lítið grasrjóður í lyngmónum.

Tóftin er 12 x 11 m, hún er 5 hólf og er eitt hólf með dyr í norðaustur, en það er ekki opið í hin hólfur úr því.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. bls. 321 Akureyri.

Teikning Hjalti Pálsson 8/8 1998.

G- 145930 56 - 23

Sérheiti: Gilssel

Hlutverk: Sel


Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 41, 30 - 19°V, 45, 60

Lengd: 12 m

Breidd: 4 m

Hættumat: Fara þarf varlega á þessu svæði til og hlífa tóftum selsins við hnjaski.



Staðhættir

Gil átti land allt vestur á Ytri-Rangala (Miðdals), á milli Ófærugils að norðan og Svartagils að sunnan. Gilspartur, en svo kallast land þetta, nær utan frá Ófærugili suður til Gilshlíðargils. Þar er undirlendi lítið og brattar undirhlíðar nokkuð blásnar og skriðurunnar, en grónar lyngi. Ofan við eru breiðir hjallar. Gilssel er á grónu framhlaupi alllangt neðan við mynni Gilshlíðargils, um 100-200 m norðan við lækinn.

Lýsing

Rúst 2, er eitt hólfi og er sambyggð rúst 1.

Tóftin er 12 x 4 m. Suðurveggur hennar er sameiginlegur með rúst 1. Engar sýnilegar dyr eru inn í tóftina.

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320 - 321.

Teikning Hjalti Pálsson frá 8/8 1998.

G- 145930 56 - 24

Sérheiti: Merkjahóll
Hlutverk: Landamerki
Tegund: Örnefni

Staðhættir

Merkjahóll er lítill grasivaxinn hóll við Miklavatn.

Heimildir

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá, Gil Skarðshreppur. Skagafjörður.

G- 145930 56 - 25

Sérheiti: Nónhólar
Hlutverk: Eyktarmark
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Uppi á fjallsbrún sunnan við Gilsgilið eru þrjár melbungur sem heita Nónhólar.

Lýsing

Miðbungan er hæðst og eru þar landamerki Gils og Birkihlíðar.

Aðrar upplýsingar

Nónhólar eru eyktarmark frá Gili. Á tímamælingu þess tíma er menn miðuðu við sólúrið og tóku mið í landinu. Sólina bar í Nónhóla um 3 leytið (um nónbil).

Heimildir

Byggðasaga I. Bls. 320.

Niðurstöður

Miðað við mikla ræktun og framkvæmdir á Gili eru margar minjar enn sjáanlegar í landinu, en nýleg dæmi sanna, samanber afnám hluta túngarðsins, að það þarf að sýna varkárni svo ekki skemmist friðaðar minjar um sögu jarðarinnar og landnýtingu á liðnum öldum. Það er enga stund gert með stórvirkum tækjum nútímans að afmá þúsund ára byggðasögu.

Undirstöður húsa á gamla bæjarstæðinu eru afar viðkvæmar fyrir hnjaski og þarf nauðsynlega að sýna aðgát við jarðvinnslu á því svæði. Einnig er nauðsynlegt að fara ekki ofan í jörðina á Burðarhóli, þar sem vænta má að hafi staðið hálfkirkja sú er getið er um í heimildum, né á svæðinu þar sem mannabein fundust.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Byggðasaga Skagafjarðar I. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Akureyri 1999.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Kaupmannahöfn.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 1949-1950. Akureyri.

Kristmundur Bjarnason, 1969. *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti fram til ársins 1907.*

Akureyri.

Sigríður Sigurðardóttir, 1997. Gilsstofa. Einblöðungur. Sauðárkrókur.

Aðrar heimildir:

Hjalti Pálsson. Teikning 8/8 1998.

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908.

Margeir Jónsson, Örnefnaskrá - Gil, Skarðshreppur. Skagafjörður. Örnefnastofnun.

Pálína Skarphéðinsdóttir Gili.

Sóley Skarphéðinsdóttir Tröð.